



70 ára lífeyristökualdur árið 2041?

3



Stapi lífeyrissjóður breytir réttindakerfinu

8



Réttindamolinn

4

Við söfnum séreign!

2





Haraldur Örn Hansen

Hver vill ekki 2% kauphækkun?

„Við ætlum að eignast íbúð en ekki fyrr en að við getum lagt í hana umtalsvert eigið fé. Séreignarsparnaður er besta leiðin til að eignast eitthvað þegar kemur að kaupsamningi og útborgun. Ráðgjafi VÍB benti mér

á þetta í sumar og ég þurfti ekki langan tíma til að sannfærast. Hver hafnar því að fá 2% kauphækkun?“ segir Haraldur Örn Hansen viðskiptafræðingur og þjónustufulltrúi í Íslandsbanka á Akureyri. Hann útskrifaðist úr Háskólanum í Reykjavík í vor og eignaðist barn með unnustunni í fyrrasumar. Þau eru bæði Akureyringar að uppruna og ákváðu að flytja norður á heimaslóðirnar og setjast að.

Íbúðarkaup eru á dagskrá en ekki fyrr en safnast hefur eigin sjóður til að nota í fasteignaviðskiptunum. Haraldur Örn fékk vinnu í bankanum og samdi fljótlega um að leggja 4% af mánaðarlaunum inn á séreignarsparnaðarreikning gegn því að fá 2% mótframlag atvinnurekandans.

„Við gerum ráð fyrir að líta í kringum okkur á fasteignamarkaði á árinu 2017 en leggja svo áfram fyrir eins lengi og þetta fyrirkomulag séreignarsparnaðar verður í gildi. Engin spurning að nota tækifærið og losna um leið við að borga tekjuskatt af því sem lagt er inn á reikninginn. Ég mæli með þessu!“ ■



Svanborg Hilmarsdóttir

Skynsamlegt að leggja í séreignarsjóði

„Ég var upphaflega húkkuð í séreignarsparnaðarviðskipti þegar ég var bara 16 ára skólastelpa og afleysingastarfsmaður í IKEA. Síðan þá hef ég flakkað milli sjóða, lagt reglulega fyrir en tekið eitthvað út líka. Ég á bæði séreignarsjóði til framfærslu þegar þar að kemur og legg líka fyrir á séreignarreikning til að borga niður höfuðstól fasteignalánanna minna. Slíkur sparnaður með skattaafslætti kemur sér vel en er vissulega tvíeggjað sverð. Ég kysi frekar að séreignarsparnaður væri eingöngu hugsaður sem viðbótarlífeyrir til framfærslu og að síðan yrði stofnað til sérstaks skyldusparnaðarkerfis vegna fasteignakaupa,“ segir Svanborg Hilmarsdóttir rafvirki um þritugt. Hún er starfsmaður Veitna ohf., dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, stundar framhaldsnám í rafmagnstækniþræði og er formaður í ungliðasamtökum Rafiðnaðarsambands Íslands – RSÍ UNG.

„Séreignarsparnaður er einfaldlega skynsamlegt fyrirkomulag. Fyrir mér vakir fyrst og fremst að eiga meira en réttindi í almennu lífeyrissjóðunum til að ganga að þegar þar að kemur. Um að gera að byrja sem fyrst að safna.

Mér heyrir flestir á mínu reki í kringum mig leggja inn á séreignarsparnaðarreikninga, einkum til að greiða niður fasteignalán. Skattaafslátturinn kallar líka á að menn nýti sér þann kost.“ ■



Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur og framkvæmdastjóri Talnakönnunar, á aukaárfundi Gildis lífeyrissjóðs.

70 ára lífeyristökualdur árið 2041?

Við lifum lengur og lengur, sem auðvitað er hið besta mál. Hækkandi lífaldur jafngildir hins vegar auknum skuldbindingum lífeyrissjóða og við því þarf að bregðast. Skuldbindingarnar aukast af því lífeyrissjóðir greiða lífeyri til æviloka og lengri meðalævi þýðir að sjóðirnir þurfa að greiða lífeyri í lengri tíma.

Tryggingastærðfræðingar ætla nú að horfa fram á veginn í spálíkönnum sínum fyrir lífslíkur þjóðarinnar í stað þess að horfa einungis um öxl. Það þýðir að við útreikning á skuldbindingum sjóðanna verður reiknað með að meðalævin haldi áfram að lengjast í stað þess að byggja útreikningana á meðalævi í fortíð. Þetta er veruleg breyting og leiðir til þess að sýnilegur halli verður á flestum eða öllum lífeyrissjóðum, þ.e. eignir þeirra duga ekki að óbreyttu fyrir skuldbindingum gagnvart sjóðfélögum.

Við þessu má bregðast með því að hækka eftirlaunaaldur, hækka iðgjöld í lífeyrissjóði eða skerða lífeyrisréttindi. Það kemur til kasta lífeyrissjóðanna að fjalla um málið og ákveða mótvægisáðgerðir strax á næsta ári, 2016.

Á vettvangi ríkisins er talað um að hækka lífeyrisaldur hjá Tryggingastofnun ríkisins í áföngum úr 67 í 70 ár á næstu árum, á svipaðan eða sama hátt og rætt er um að hækka eftirlaunaaldur í lífeyrissjóðakerfinu.

Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur og framkvæmdastjóri Talnakönnunar, fjallaði um málið m.a. á aukaárfundi Gildis lífeyrissjóðs

19. nóvember og á sjóðfélagafundi Almanna lífeyrissjóðsins 29. október 2015. Hann telur líklegt að niðurstaðan verði sú að hækka lífeyristökualdur um tvo mánuði á ári frá 2017 til 2028 og síðan um einn mánuð á ári líkt og réttindanefnd Landssamtaka lífeyrissjóða leggur til sem mögulega leið. Þannig verði lífeyristökualdur kominn í 70 ár árið 2041.

Með þessu móti má ná jafnvægi eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna en jafnframt tryggja að breytingarnar verði ekki snarpar gagnvart þeim sem nálgast lífeyristökualdurinn.

Hvenær geta nýburar búist við að verða 100 ára?

Margir velta því fyrir sér hvenær nýfædd börn megri búast við að lifa að meðaltali í 100 ár.

„Fullyrt hefur verið í fjölmiðlum að aldamótabörnin, sem fædd eru 2000-2001, geti búist við að verða 100 ára. Það er rangt. Þróunin bendir til þess að íslenskar stúlkur fæddar árið 2122 geti búist við að verða aldargamlar og piltar fæddir 2129,“ segir Benedikt Jóhannesson.

Hann bendir á að ævi karla á Íslandi hafi lengst um tvo og hálftan mánuð á ári undanfarna áratugi. Það jafngildir sex dögum á mánuði eða einni mínútu og 50 sekúndum á klukkustund. Þá vitum við það!

Fimm lífeyrissjóðir bjóða óverðtryggð lán

Stafir lífeyrissjóður býður nú sjóðfélögum sínum bæði óverðtryggð og verðtryggð lán, fimmti lífeyrissjóðurinn sem það gerir, eftir því sem næst verður komist.

Lífeyrissjóður bænda reið fyrstur á óverðtryggða lánaaðið í mars 2011, Almenni lífeyrissjóðurinn fylgdi á eftir í september 2013, Gildi lífeyrissjóður í febrúar 2015, Lífeyrissjóður verslunarmanna í október 2015 og nú síðast Stafir lífeyrissjóður.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa, segir að þessi ákvörðun sjóðsins hafi átt sér nokkurn aðdraganda. Sjóðfélagar hafi sjaldan grennslast fyrir um óverðtryggð lán undanfarin ár en áhugi fyrir slíkum lánum hafi greinilega aukist upp á síðkastið. Stjórn Stafa sé því einfaldlega að svara kalli úr röðum sjóðfélaga sinna með því að gera þeim mögulegt að velja um óverðtryggð eða verðtryggð lán.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna, og Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, segja að áhugi sé nokkur fyrir óverðtryggðum lánum en flestir sæki samt sem áður um verðtryggð lán. Einn af hverjum tíu umsækjendum vilji frekar fá óverðtryggð lán.

Guðmundur Þ. Þórhallsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, segir að mikið hafi verið spurt um lán og talsvert verið lánað, einnig í óverðtryggðu, eftir að sjóðurinn kynnti í haust þann lánaflökk til sögunnar og breytingar á lánskjörum. Nokkuð sé um að sótt sé um lífeyrissjóðslán til að endurfjármagna óhagstæðari lán.

Dæmi um samanburð á vöxtum og lánskjörum

Lífeyrissjóðir lána gegn veði í fasteignum sjóðfélaga. Veðhlutfall af markaðsvirði fasteignar getur hins vegar verið breytilegt frá einum sjóði til annars.

Hámarksfjárhæð láns getur verið mismunandi eftir sjóðum, sömuleiðis sjálft lánsformið (verðtryggt/óverðtryggt), vextir af lánum, lántökugjald, lánstími og uppgreiðslugjald lána (ef slíkt er þá fyrir hendi).

Við fjöllum sérstaklega um óverðtryggð lán af því tilefni að fólk sýnir þeim greinilega meiri áhuga en áður og lífeyrissjóðir bregðast við því.

Til fróðleiks er hér nokkrar samanburðartölur af heimasíðum sjóðanna fimm sem bjóða bæði verðtryggð og óverðtryggð lán. Þær eru frá 23. nóvember 2015.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunum eða hjá þjónustufulltrúum sjóðanna.

	Lífeyrissjóður bænda	Almenni lífeyrissjóðurinn	Gildi lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður verslunarmanna	Stafir lífeyrissjóður
Veðhlutfall - hámark	60%	75%	75%	75%	75%
Fastir vextir verðtr. lána	4,3%	3,6%	3,55%	3,6%	3,6%
Breytilegir vextir verðtr. lána	3,85%	3,2%	3,2%	3,15%	3,27%
Vextir óverðtr. lána	9,6%	7%	6,75%	6,97%	6,85%
Lántökugj. af lánsupphæð	1,5%	0,5%	0,5%	0,75%	1%

Lán lífeyrissjóða eru hagstæð

Formælendur allra lífeyrissjóða, sem haft var samband við, eru sammála um að spurn eftir lánnum sjóðanna hafi aukist verulega upp á síðkastið, enda séu þau hagstæð í samanburði á lánamarkaði. Þeir hvetja fólk til að velta öllum kostum vel fyrir sér og leita sér ráða um lán og lánskjör.

Starfsmönnum lífeyrissjóðanna er til að mynda uppálagt að kynna umsækjendum hverjir séu kostir og gallar verðtryggðra og óverðtryggðra lána, hver sé munur á föstum og breytilegum vöxtum og hvernig greiðslubyrði dreifist á lánstímann.

Síðast en ekki síst halda ráðgjafar sjóðanna því til haga að lán þarf auðvitað að endurgreiða og fólk verður því að sníða sér stakk eftir vexti. Niðurstaða mats á greiðslugetu sker úr um hvort svar við lánsúmsókn er jákvætt eða neikvætt.

Réttindamolinn

Makalífeyrir er öryggisnet

Falli sjóðfélagi í lífeyrissjóði frá er afar líklegt að eftirlifandi maki eigi rétt á makalífeyri úr sjóðnum. Sama getur átt við um maka sjóðfélaga sem hefur verið á eftirlauna- eða örorkulífeyri. Enn fremur kann að skapast réttur til barnalífeyris við fráfall maka.

Makalífeyrir og barnalífeyrir eru dæmi um öryggisnet lífeyrissjóðakerfisins sem getur skipt miklu máli fyrir viðkomandi á erfiðum tímum. Flestir eru með slíka lágmarkstryggingu og sumir láta hana duga en aðrir kjósa að kaupa til viðbótar líftryggingu á frjálsum markaði.

Í þessu sambandi skal því varpað fram hér að fólk gefi sér tíma til að íhuga tryggingarþörf sína. Í raun og sannleika er líklega algengara að spáð sé í að auka við kaskótryggingu heimilisbílsins eða bæta í heimilistrygginguna en að huga að eigin tryggingamálum vegna lífs og heilsu!

Það kann að vera mismunandi hvernig réttur til makalífeyris stofnast og hvernig hann er útfærður í lífeyrissjóðunum. Á heimasíðu eins sjóðsins segir til dæmis:


- *Ef réttur til makalífeyris stofnast er fullur makalífeyrir greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir er greiddur í 24 mánuði til viðbótar. Ef maki er a.m.k. 50% öryrki er greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir þar til maki nær 67 ára aldri.*

Á heimasíðu annars sjóðs segir:

- *Hafi eftirlifandi maki börn sín og hins látna á framfæri er makalífeyrir greiddur þar til yngsta barnið nær 22 ára aldri. Skilyrðin fyrir því eru að hinn látni sjóðfélagi hafi verið virkur greiðandi í sjóðinn við andlát eða verið lífeyrisþegi.*

Hver kanni því málið í sínum sjóðaranni. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum lífeyrissjóðanna og starfsfólk þeirra er jafnframt til svara.

Kannaðu stöðu þína!



Kári Arnór og KEA-skjalið góða

Stapi lífeyrissjóður breytir réttindakerfinu

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest verulegar breytingar á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs þar sem kveðið er á um að nýtt ávinnslukerfi lífeyrisréttinda taki gildi í ársbyrjun 2016. Starfsfólk Stapa herðir nú róðurinn við að kynna sjóðfélögum breytingarnar og tæknimenn keppast við að forrita tölvukerfi sjóðsins til að laga það að því sem koma skal.

„Upphafið má rekja til umræðna á sjóðfélagafundum og í forystusveit lífeyrissjóðsins eftir bankahrunið. Niðurstaðan varð sú að gera kerfið þannig úr garði að eignir og skuldbindingar standist sem best á og um leið að gera það gegnsærra þannig að sjóðfélagar skynji betur hvernig lífeyrisréttindi þeirra myndast. Þetta er gert með því að láta réttindin breytast í samræmi við ávöxtun eignanna. Sú leið er þekkt erlendis, við erum því ekki að finna upp hjólið,“ segir Kári Arnór Kárasón, framkvæmdastjóri Stapa.

„Við töpuðum fjármunum í hruninu eins og fleiri og urðum að bregðast við því að verðmæti eigna sjóðsins stóðu ekki undir lífeyrisskuldbindingum hans, það er að segja að verðmæti lífeyrisréttindanna í sjóðnum voru meiri en verðmæti eignanna sem tryggja áttu réttindin.

Lífeyrissjóðir hafa oft brugðist við ójöfnuði í kerfinu undanfarin ár og áratugi. Sjaldan vekur það umtal ef lífeyrisréttindi eru aukin þegar verðmæti eigna

leyfa slíkt. Skerðing réttinda er hins vegar erfiðari. Sjóðfélagar sætta sig illa við slíkt og vilja leita oft annarra skýringa en þeirra sem að þeim er haldið af hálfu stjórna og stjórnenda sjóðanna. Lækkun á eignaverði er ekki endilega talin gild skýring enda tengja sjóðfélagar sjaldnast réttindi sín við eignirnar.

Með breytingunni hjá Stapa verður jöfnuður eigna og skuldbindinga í raun innbyggður í kerfið. Að baki réttindum á hverjum tíma verða alltaf eignir og réttindi breytast í samræmi við ávöxtun eigna. Þetta er tæknilega mögulegt af því upplýsingakerfi lífeyrissjóðanna eru orðin svo öflug að við getum fylgst daglega með stöðu eignanna, ef við viljum. Fyrir tíma upplýsingakerfanna var þetta hins vegar ekki hægt. Kannski ættum við ekki að tala um breytingar hjá Stapa heldur ákvörðun um að þróa kerfið.“

- Hvernig fer saman lögboðin viðmiðun um 3,5% raunávöxtun eigna annars vegar og breytt réttindaávinnslukerfi Stapa hins vegar?

„Markmið fjárfestingarstefnu okkar verður áfram 3,5% raunávöxtun en þetta er **viðmið** en ekki kvöð sem getur ýtt undir aukna áhættu í fjárfestingum, til dæmis með auknum hlutabréfakaupum í þeim tilgangi að ná 3,5%-markmiðinu, þegar áhættulitlar eignir gefa lægri ávöxtun. >>>

Erfitt er að vinna í umhverfi með fasta ávöxtun lífeyrissjóða á sama tíma og þeir eru skyldaðir til að ávaxta fjármuni á markaði, fyrst og fremst í skráðum eignum, sem sveiflast í verði þannig að ekki er hægt að tryggja tiltekna ávöxtun.

Svarið er því þetta: Við höfum ekki lagt 3,5% viðmiðunina af, enda er hún til sem slík í lögum og reglugerðum. Við vinnum út frá því að eignir og skuldbindingar standist alltaf á, sem einnig

var markmið laganna, og í því ljósi er 3,5% reglan aðeins markmið. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur fallist á þetta sjónarmið. 3,5% viðmiðunin þótti lág og hógvær á sínum tíma en nú er ljóst að hún er mjög krefjandi til lengri tíma litið, ekki síst ef ætlast er til tilhlýðilegrar varkárni við fjárfestingar.“


Frekari upplýsingar um kerfisbreytinguna er að finna á vef Stapa lífeyrissjóðs, **stapi.is**.

Í fáum orðum

Í stað þess að Stapi lífeyrissjóður tilgreini lífeyrisréttindi fyrir hverjar 10 þúsund krónur sem greiddar eru sjóðnum í formi iðgjalds verður iðgjaldinu nú skipt upp í **söfnunarpátt** og **tryggingarpátt**. Iðgjaldinu er skipt milli þessara þátta strax við inngreiðslu.

- **Söfnunarpátturinn** er sá hluti iðgjalds sem fer í iðgjaldasjóð sem sjóðfélagi safnar í starfsævina á enda
 - Iðgjaldasjóður breytist í samræmi við sérstaka eignavísitölu sem mælir ávöxtun sjóðsins frá mánuði til mánaðar.
 - Þegar sjóðfélagi fer á eftirlaun breytist iðgjaldasjóðurinn hans í ævilöng lífeyrisréttindi.
- **Tryggingarpátturinn** stendur undir áfallstryggingum sjóðsins (örorku-, maka- og barnalífeyri).
 - Iðgjaldið skiptist skýrt á milli einstakra þátta og kostnaður vegna þeirra verður þannig sýnilegri. Hvað fer í hvorn þátt fyrir sig er mismunandi eftir aldri sjóðfélaga.
 - Lífeyrisréttindi myndast í samræmi við raunverulega ávöxtun iðgjaldasjóðs á hverju ári en miðast ekki lengur við fyrir fram ákveðna árlega ávöxtun samkvæmt töflu (ávinnslutöflu réttinda) og verðtryggingu yfir starfsævina líkt og í eldra kerfi.

Breytingin hefur ekki áhrif á hlutfallslegan rétt hvers árgangs sjóðfélaga vegna áfallinnar tryggingafræðilegrar stöðu og raunar er reiknað með óverulegum breytingum á réttindum við yfirfærsluna.



Á vegg á skrifstofu Kára Arnórs hjá Stapa er innrammað, handskrifað gjafabréf frá Vilhjálmi Þór, framkvæmdastjóra Kaupfélags Eyfirðinga, síðar bankastjóra og ráðherra. Gjöfin markar upphaf Lífeyrissjóðs KEA.

Pær 2500 krónur í veðdeildarbrjefum, sem hjer með fylgja, bið jeg Starfsmannafjelag K.E.A. að þiggja sem gjöf í tilefni þess að nú eru liðin 25 ár frá því jeg varð starfsmaður Kaupfélags Eyfirðinga.

Kærast væri mjer að upphæðin mætti verða grundvöllur að eftirlaunasjóði sem í framtíð veitti gömlum lúnum starfsmönnum K.E.A. ellistyrk.

Akureyri, 1. júní 1937

Vilhjálmur Þór

Fjármálaleiðbeiningar til höfuðs hugsunarhættinum „þetta reddast“

„Við fáum stundum háskólanemendur í heimsókn og ég tek eftir því að þeir vita ýmislegt um Justin Bieber og auðvitað um námsefni sitt en lítið um fjármál einstaklinga. Út af fyrir sig er slíkt eðlilegt í ljósi þess að fjármálafræðsla fyrir einstaklinga og heimili er ekki á dagskrá í skólunum okkar. Eiginkona mín, Björg, stakk upp á því að ég legði mitt lóð á vogarskálar fræðslu og upplýsingar með því að skrifa bók um fjármál fyrir fólk á fyrstu árum vinnu og búskapar. Það gerði ég og hef fengið þau viðbrögð úr skólakerfinu að bókin sé vel fallin til að nota við kennslu.“

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, er höfundur nýrrar bókar, *Lífið er framundan*, sem bókaforlagið Framtíðarsýn hefur gefið út í kiljuformi. Út kom eftir hann bókin *Verðmætasta eignin* árið 2004, sem hefur síðan þá verið höfuðrit um íslensk lífeyrismál. Í nýju bókinni skrifar Gunnar fyrir ungt fólk og tekst svo vel upp að Gylfi Magnússon, hagfræðingur og dósent í Háskóla Íslands, segir í umsögn á bókarkápu að fyrir þá, sem vilja kynna sér fjármál heimila til langs tíma, gætu kaup á þessari bók „hæglega orðið besta fjárfesting þeirra á ævinni“.

„Ég legg mikla áherslu á að fólk gefi sér tíma til að velta vöngum og ígrunda áður en það ákveður eitthvað afdrifaríkt í fjármálum sínum,“ segir Gunnar. „Engar töfralausnir eru til en ég ráðlegg ungu fólki að leggja fyrir og vanda sig svo þegar taka þarf lán, til dæmis vegna íbúðarkaupa. Ungt fólk ætti að reyna allt sem það getur til að forðast lántökur áður en það kaupir sína fyrst íbúð því skuldir draga úr fjárfestingargetu. Þegar komið er út í alvöru lífsins og að taka stórar fjárhagslegar ákvarðanir, eins og að kaupa íbúð, gengur ekki hugsanahátturinn „þetta reddast“. Þeim sem gefa sér tíma til að skipuleggja fjármálin og leggja áherslu á að safna fyrir hlutum frekar en að kaupa þá með lántöku, er umbunað með hærri ráðstöfunartekjum og meiri eignamyndun á ævinni.“



Gunnar Baldvinsson með bókina í útgáfuhófi forlagsins, Framtíðarsýn.

Í bókinni fjalla ég um atriði sem gott er að hafa í huga þegar kemur að því að ráða sig í framtíðarstarf, að byrja að búa, að finna húsnæði, um eignir og sparnað, um skuldir og hvernig lán geta bæði verið „lán og ólán“, um áhættustýringu í heimilishaldi, lífeyrismál og eftirlaunasparnað. Þetta er með öðrum orðum heildstætt fjármálarit fyrir ungt fólk.“

Gunnar settist við skriftir í byrjun árs 2015 og lauk við handritið um það leyti sem hann lét af störfum sem formaður Landssamtaka lífeyrissjóða í maímánuði. Hann skrifaði á kvöldin og um helgar, reiknaði heilmikið og grúskaði, setti upp töflur og skýringarmyndir sem gera bókina aðgengilegri og læsilegri en ella.

Aftast í hverjum kafla er skálduð saga af tvennum hjónum sem fylgt er ævina alla. Þau hafa sömu tekjur og verja jafn miklu til framfærslu, eiga jafnmörg og jafngömum börn en fara mismunandi leiðir í fjármálum. Þessar dæmisögur gæða umfjöllunarefnið lífi og gera það raunverulegra.

„Þegar upp var staðið reyndist erfiðast að koma hjónunum í gegnum fyrsta áratug búskapar síns, enda eru útgjöldin þá hvað mest en tekjurnar hvað minnstar á ævinni líkt og flestir þekkja af eigin raun. Mér tókst að fleyta þeim áfram. Það var vandasant verkefni en yfirstíganlegt.“ ■



Lífeyrisgáttin

Lífeyrisgáttin er öflugt tæki fyrir sjóðfélaga til að afla upplýsinga um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingarsjóðum landsins. Upplýsingar um réttindi koma fram á yfirlitum til sjóðfélaga en margir eiga réttindi mun víðar en þar kemur fram. Þau réttindi geta verið vegna sumarvinnu á námsárum eða að viðkomandi hafi

skipt oft um vinnu á starfsferlinum. Þá kemur Lífeyrisgáttin að góðu gagni. Hana er að finna á heimasíðum lífeyrissjóðanna (smella á merki hennar þar). Leið að öllum sjóðum er á vefsíðunni lifeyrisgattin.is. Notuð eru sömu aðgangsorð og gilda fyrir sjóðfélagavefi.

lifeyrisgattin.is



Gott að vita

Við hjálpum þér að skilja lífeyrissjóðskerfið á augabragði

gottadvita.is



